



Afmælisfagnaður félagsins var haldinn í Egilshöllinni á laugardaginn. Fjöldi karla og kvenna heimsótti okkur í tilefni dagsins. Ingvar Sverrisson formaður Íþróttabandalags Reykjavíkur afhenti Jórunni Harðardóttur veglega peningagjöf í tilefni 150 ára afmælisins. Ingvar sæmdi einnig Guðmund Kr. Gíslason framkvæmdastjóra félagsins gullmerki ÍBR fyrir vel unnin störf undanfarna áratugi. Bjarni Sigurðsson formaður Skotdeildar Keflavíkur færði félaginu blómvönd og ýmsar heillaóskakveðjur bárust úr ýmsum áttum. Nokkrar myndir frá deginum [eru hérna](#).